

## AUGLÝSING

### um frestun á fundum Alþingis.

Samkvæmt tillögu forsætisráðherra hefur forseti Íslands gefið út svofellt bréf um frestun á fundum Alþingis:

„FORSETI ÍSLANDS  
*gjörir kunnugt:*

Að ég, að tilskildu samþykki Alþingis, veiti forsætisráðherra umboð til þess að fresta fundum Alþingis, 139. löggjafarþings, frá 16. september 2011 eða síðar, ef nauðsyn krefur, til 1. október 2011.

*Gjört á Bessastöðum, 16. september 2011.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**  
(L. S.)

\_\_\_\_\_  
*Jóhanna Sigurðardóttir.*“

Alþingi samþykkti hinn 17. september 2011 ályktun um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar. Samkvæmt framangreindu umboði og með skírskotun til samþykkis Alþingis var fundum Alþingis, 139. löggjafarþings, frestað hinn 17. september 2011.

*Forsætisráðuneytinu, 19. september 2011.*

**Jóhanna Sigurðardóttir.**

\_\_\_\_\_  
*Ragnhildur Arnljótsdóttir.*